



ORKUSTOFNUN

## Athugun á Vatnsfellsskurði

Haukur Tómasson, Kristinn Einarsson, Gunnlaugur Jónsson

Greinargerð HT-KE-GJ-81/02

Orkustofnun  
Vatnsorkudeild  
1981-03-25

Greinargerð 81/02  
HT, KE, GJ

#### ATHUGUN Á VATNSFELLSSKURÐI

Laugardaginn 21. mars sl. fóru höfundar þessarar greinargerðar að Vatnsfellsskurði til athugunar á rennslistakmörkunum Þórisvatns. Skurðurinn skiptist í þrjá hluta, talið frá Þórisvatni; Berghaft, sandlægð og skurð með háum og bröttum bökkum.

Fallmælt var frá vatnsborði Þórisvatns og svo langt niður eftir skurðinum sem komist varð, eða allt að 1/3 af lengd sandlægðarinnar talið frá Þórisvatni. Heildarfall sem mælt var reyndist vera 188,7 sm. Fystu 25-30 m frá vatninu var vatnshallinn um 8-10 promille, meðalvatnshalli yfir berghaftið var um 3-4 promille, en yfir fyrsta þriðjung sandlægðarinnar var hann 0,3 promille.

Ekki varð séð að um neinn gröft væri að ræða frá Þórisvatni og niður að lægðinni. Einhvers staðar á bilinu frá henni og niður fyrir lokuvirkji hefst hins vegar gröftur við hrún úr bökkum, og sést aurlitur á vatninu neðan lokuvirkja. Ekki er hægt að segja til um hvort um botngröft hefur verið að ræða.

Efni virðist nokkuð gróft í botni skurðar á berghaftinu og e.t.v. hefur borist grjót úr garði vestan skurðarins ofan í hann.

Svifausrssýni var tekið með DH-48 sýnataka úr skurðinum neðan lokuvirkja rétt ofan Lænufells, og er það nú í athugun á aurburðarstofu Orkustofnunar.

Ótvírátt virðist að skurðurinn annar ekki hönnunarrennsli í núverandi mynd sinni og brestur þannig ein stoðin undan orkuvinnslureikningum Landsvirkjunar, þar sem ekki er hægt að ná 1000 Gl miðlun í gegnum skurðinn í núverandi formi.

Augljóslega væri mjög hagkvæmt að gera þegar í stað ráðstafanir til þess að hreinsa og jafnvel dýpka og breikka Vatnsfellsskurðinn enn frekar. Einkum þarf í vor að huga að berghaftinu, sem virðist takmarka útrennsli úr Þórisvatni hvað mest.

Auðvelt er að komast að haftinu eins og það er nú, að því eru bólstra-  
bergsbakkar með lausu efni ofan á, bakkarnir eru 3-6 m á hæð frá vatns-  
borði og má auðveldlega lækka þá með jarðýtu fyrir armgröfur, sem  
síðan gætu hreinsað skurðinn.